

Nd.

101. Nefndarállt

um frv. til laga um löggilta endurskoðendur.

Nefndin í frv. til laga um löggilta endurskoðendur telur málið eiga fram að ganga með þessum

BREYTINGUM

1. Fyrstu grein skal orða svo:
Stjórnarráði Íslands skal heimilt að löggilda endurskoðendur, ef þeir fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.
2. a. Orðið »um« í upphafi 2. gr. skal fella burt.
b. »fullráði fjár síns« verði:
fjár síns ráðandi.
3. Niðurlag 4. gr. frá »og skal þá« skal orða svo:
Sú endurskoðun jafngild endurskoðun dómkvaddra manna.
4. Í endi 5. gr. skal fella burt orðið »þess«.
5. Skjóta skal inn í tveim nýjum greinum:

6. gr.

Löggildur endurskoðandi skal heita því við drengskap sinn, að vinna verk sitt eftir bestu vitund og að ljósta eigi upp leyndarmálum.

7. gr.

Löggildir endurskoðendur skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot sem sýslunarmenn.

6. Sjötta grein verður 7. grein.

Alþingi 14. júlí 1914.

Jón Magnússon,
formaður.

Bjarni Jónsson frá Vogu,
skrifari.

Einar Arnórsson.

Pjetur Jónsson.

Þórarinn Benediktsson.